

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Ásgarður í Grímsnesi, Giljatunga/Borgarbrún.*

Í breytingunni felst að hámarksbyggingarmagn innan lóðar sem skilgreint er 150 fm verði felld út úr skipulagi og að byggingarmagn verði þess í stað bundið við hámarksnýtingarhlutfall 0,03. Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. febrúar 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 11. mars 2024